Samþykkt þann 16. nóv. 2016




Grunnmynd 2. Hæð. Hús Nr. 3 1 : 100 Stærð. 609,4 m2

JonG 14.11.2016 21:03 Einivellir 3 1901.dwg

BYGGINGARLÝSING:

Húsin eru byggð upp sem hefðbundin steisteypt hús, steypt á staðnum, með steyptri þakplötu, sem er einangruð að ofan.

SÖKKLAR:
Sökklar eru steinsteyptir á fyllingu, sjá teikn. verkfræðings.
Einangra skal niður á sökkulveggi 50 cm að innanverðu með 100 mm frauðplasti.

BOTNPLATA:
Botnplata er steinsteypt ofan á þjappaða fyllingu, sjá teikn. verkfræðings.
Undir plötuna skal einangra með 100 mm þéttpressuðu frauðplasti.

ÚTVEGGIR:
Útveggir hússins eru hefðbundnir steyptir veggir, einangraðir að utan með 100 mm. þéttull og þar yfir klæddir með lituðu báruáli, sem er fest í útveggin með þartilgerðu álkerfi.

ÞAK:
Þak er steypt þakplata. Ofaná þakplötuna verður heilsoðið tvöfalt lag af þakpappa, af viðurkendri gerð. Ofaná pappan verður lagt þunnur takkadúkur og þaryfir 200 mm. Xps. rakaþolin þrýstieinangrun, þaryfir er lagður grisjudúkur og síðan 8 - 10 cm. farg.

KLÆÐNINGAR.:
Allar klæðningar í íbúðum skulu að minnsta kosti vera í Flokki ll

UPPHITUN HÚSSINS.:
Húsið er hitað upp á hefðbundinn hátt með hitaveitu.
Í íbúðunum verður hefðbundið ofnakerfi.
Hita og vatnslagnir verða lagðar á hefðbundinn hátt, sem rör í rör kerfi í gólfplötunni og í innveggjum þar sem við á. Sjá nánar teikn. verkfr.

GLUGGAR:
Gluggar eru ál - tré gluggar. Gler skal vera tvöfalt k-gler.

EINANGRUNARGILDI:

| | | |
|---|---|---|
| Botnplata | 0,25 | W/m2 K |
| Steyptir veggir | 0,35 | W/m2 K |
| Gluggar | 1,3 | W/m2 K |
| Hurðir | 1,5 | W/m2 K |
| Þak | 0,15 | W/m2 K |

Heildarvarmatap, vegið meðaltal. = 0,63 w/m2°C

Húsið skal að öllu leyti byggt í samræmi við gildandi reglugerðir.

Loftræsa skal öll gluggalaus rými.

Sorpgeymsla er við vesturhlið hússins, með aðstöðu fyrir flokkun á sorpi. Samtals eru ígildi 37 sorptunna fyrir húsið, 11 x gámar og 4 tunnur.

Eigendur íbúða á jarðhæð hafa heimild til að afmarka sérnotafleti með lávöxnum gróðurrunnum.

BYGGINGARLÝSING: Frágangur innanhúss.:

INNVEGGIR.:
Innveggir í íbúðum og geymslum verða byggðir upp, sem hefðbundnir gifsveggir.

INNIHURÐIR.:
Allar innihurðir inn í íbúðirnar, inngangar og anddyri, eru 90 x 200 cm. hurðarflekar.
Allar innihurðir í íbúðum og inn í geymslurýi eru 80 x 200 cm hurðaflekar.

ELDHÚS.:
Öll eldhús eru sýnd þannig á teikningum að inni í því er 150 cm. hringur. Þar sem frístandandi eyjur eru í eldhúsum, er möguleiki á að færa þær eftir óskum hvers og eins notanda íbúðar.
Í öllum eldhúsum skal koma fyrir vélrænni loftræstingu.

BAÐHERBERGI.:
Í öllum baðherbergjum er sýndur 150 cm. hringur, og aðgengi að klósetti fyrir hjólastóla.

HLJÓÐVIST.:

Högghljóðstig skal að hámarki vera 53 db.
Lofthljóðeinangrun skal vera að hámarki. 55 db.

Veggur milli aðliggjandi íbúða er 20 cm. steyptur veggur.

16.11.2016 SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

Breytt 25. - 10. - 2016

Breytt formi á svölum og bætt við súlu.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Einivellir 3 Hafnarfirði. | | Grunnmynd. | |
| VERK. NR. 352 | DAGS. 19. - 8.- 2016 | MÁL. 1:100 | jon-ark @ islandia.is |
| TEIKN. NR. 04 | BREYTT. | | |


JÓN GUÐMUNDSSON ARKITEKT KT. 310551 3259
VINNUSTOFA SUÐURLANDSBRAUT 16 REYKJAVÍK SÍMI 552 5055